

GJALDSKRÁ

Vatnsveitu Ölfuss

1. gr.

Vatnsgjald

Samkvæmt 6. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og nr. 401/2005 er heimilt að leggja á fasteign almennt vatnsgjald hafi vatnsveita verið tengd við mannvirki á fasteign. Mannvirki telst tengt vatnsveitu þegar heimæð hefur verið tengd frá vatnsveitulögn í vatnsinntak notanda.

2. gr.

Stofn til álagningar vatnsgjalds.

Stofn til álagningar vatnsgjalds á allar fasteignir skal vera fasteignarmat þeirra. Af öllum fasteignum, sem gjaldskyldar eru, skal greiða vatnsgjald sem nemur 0,13% af álagningarstofni. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5 % af fasteignamati.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og fasteignaskatta sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 og 12. gr. reglugerðar nr. 401/2005.

Ábyrgð á greiðslu vatnsgjalds fer samkvæmt lögum nr. 32/2004.

3. gr.

Stofngjald og heimæðar

Greiða skal stofngjald fyrir hverja tengingu kr.250.000,- ásamt heimæðargjaldi. Gjöld fyrir heimæðar miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Vatnsveitu Ölfuss við lóðarmörk að tengistað mannvirkis (inntaksrými). Enn fremur er miðað við, að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekinn út og samþykktur af Vatnsveitu Ölfus.

Þvermál heimæðar. Plast	Verð Lengd heimæðar 0-35 metrar.	Verð á metra umfram 35 metra.
<32	182.973	1.830
40	236.755	2.367
50	306.489	3.065
63	441.989	4.420
75	590.556	5.906
90	859.478	8.595
110	959.513	9.595
160	1.123.811	11.238

Stærð heimæðar er ákvörðuð af vatnsveitu Ölfus í samræmi við ósk kaupenda um vatnsmagn í umsókn. Þar sem lengd heimæðar er styttri en 35 metrar gildir ofangreind verðskrá. Fyrir hvern metra umfram 35 metra er heimilt að innheimta 1% af heimæðagjöldum viðkomandi málstærðar. Óski húseigandi eftir færslu heimæða að nýjum tengipunkti greiðir hann heimæðagjöld að nýju.

Gjald vegna tengingar og aftengingar á byggingarvatni er 27.160 kr.

4. gr.

Vatnsveita í dreifbýli

Greiða skal stofngjald fyrir hverja tengingu kr.250.000,- og skal sá kostnaður greiddur áður en lóð er stofnuð í fasteignaskrá. Lóðir innan deiliskipulaga sem samþykkt voru fyrir 1.janúar 2024 skal greiða stofngjaldið við samþykkt byggingarleyfis. Ásamt stofngjald í dreifbýli skal landeigandi/lóðarhafi greiða allan kostnað við tengingar við stofnkerfi vatnsveitunnar. Heimæðargjald greiðist skv. 3.gr.

Landspildur/beitarhólf eða hvert annað mannvirki sem óskar tengingar við vatnsveitu, greiða stofngjald kr. 250.000,- per. inntak ásamt heimæðargjaldi skv. 3 gr. og öðrum útlögðum kostnaði við tengingu við stofnlögn vatnsveitu. Óheimilt er með öllu að tengja á milli matshluta, mannvirkja, landspilda, beitarhólfa eða brynningar fyrir búfénað eða önnur dýr þó með þeirri undantekningu að heimilt er að tengja brynningarstöðvar við matshluta sem þegar er tengdur við mæli.

5. gr.

Mælaleiga

Mælaleiga skv. 7. gr. laga nr. 32/2004 og 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005 er háð stærð og gerð mælis sem hér segir:

Nafnmál/“	Kennitákn	Mælaleiga kr. pr. ár	Mælaleiga kr. pr.dag
<25/ 1“	25	8.035	22
30/ 1¼“	30	8.520	23
40/ 1½“	40	10.495	29
50/ 2“	50	13.918	38
65/ 2½“	65	21.111	58
80/ 3“	80	30.412	83
100/ 4“	100	38.861	106
150/ 6“	150	44.807	123

Ábyrgð á greiðslu mælaleigu og notkunargjalds fer skv. 14. gr. reglugerðar nr. 401/2005. Notkunargjald og mælaleiga er innheimt eftir á og að öllu jöfnu ársfjórðungslega.

6. gr.**Graftrargjöld**

Gjald vegna ídráttarröra, fleygunar og sprenginga.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist vegna skurðgraftar, 10.735 kr./lengdarmetra.

Reynist nauðsynlegt að fleyga eða sprengja klöpp eða frost í jörðu bætist eftirfarandi kostnaður við skurðgröft, sbr. 1. mgr., sem innheimtist eftir á.

Klaki/klöpp:	dýpt sm:	kr./lengdarmetra
klaki/klöpp	< 30	3.428
klaki/klöpp	> 30	6.916

7.gr.**Aukavatnsgjald**

Aukavatnsgjald 14,2 kr./m³ skulu fyrirtæki og aðrir greiða, er nota kalt vatn til annars en heimilisparfa.

8. gr.**Vísitölubinding**

Önnur gjöld í gjaldskrá þessari en þau er koma fram í 1. gr. miðast við byggingarvísitölu í janúar 2020 (146,7 stig) og breytast 1. hvers mánaðar til samræmis við breytingar á vísitölunni.

9. gr.**Gildistaka gjaldskrár**

Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 14. desember 2023, samkvæmt 10. gr. laga um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 sem tóku gildi 7. maí 2004. Gjaldskráin öðlast gildi þegar í stað, jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 870 sama efnis sem samþykkt var af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 28. maí 2020.

Ölfusi, 11. desember 2025

F.h. Bæjarstjórnar Ölfus

Elliði Vignisson bæjarstjóri